



Fundur í sveitarstjórn

71. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 28. september 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Halldór Stefánsson, Sóley Indriðadóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson, Steinunn Leósdóttir, Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Staðsetning þjónustumiðstöðvar við Fjarðarveg 2 á Þórshöfn

Fundargerð

1. Staðsetning þjónustumiðstöðvar við Fjarðarveg 2 á Þórshöfn

Oddviti tók til máls og gerði grein fyrir stöðu mála.

Fyrir liggur afstöðumynd frá Nýju teiknistofunni, dags. 13.9.17, með staðsetningu nýrrar þjónustumiðstöðvar við Fjarðarveg 2 á Þórshöfn. Einnig fylgja skýringar Gissurar Pálssonar deildarstjóra framkvæmdadeildar N1, sem sendar voru í tölvupóstum 22. og 25. september sl. sem skýringar á breyttri afstöðu fyrirtækisins til tillögu sveitarstjórnar og umhverfis- og skipulagsnefndar um tilfærslu á staðsetningu frá fyrri byggingu sem lágu fyrir eftir 26. fund umhverfis- og skipulagsnefndar og 68. fund sveitarstjórnar. Fulltrúar N1 höfðu samþykkt nýja staðsetningu sem kynnt var á 70. fundi sveitarstjórnar. Skv. bréfi Gissurar 22. sept. sl. er fyrirsjáanlegt að óhjákvæmileg seinkun verði á verkinu um 4-6 mánuði, ef farið verður að óskum sveitarfélagsins um staðsetningu. Það gæti haft það í för með sér að þjónustumiðstöðin yrði ekki tekin í notkun fyrr en síðsumars 2018.

Gissur Pálsson hefur, fyrir hönd N1, fallist á að gefa eftir hluta af lóðarinnar við gatamót Eyrarvegar og Fjarðarvegar, ef og þegar þörf er á að auka rýmd gatnamótanna. Þessi skerðing gæti numið tveimur nyrstu bílastæðum sem sýnd eru á fyrrgreindri teikningu

Breytt afstaða N1 hefur verið kynnt nefndarmönnum umhverfis- og skipulagsnefndar á símafundi 27. september sl.



Til máls tóku: Halldór Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Siggeir Stefánsson fór fram á fundarhlé kl. 18:10. Samþykkt.

Fundur settur að nýju kl. 18:14.

Bókun um samþykkt: Sveitarstjórn samþykkir tillögu N1 um staðsetningu sem tilgreind er á teikningu með leiðréttri afstöðu, dags. 13. 9.17. Enn fremur er áskilið að sveitarfélagið geti, í samræmi við yfirlýsingu fulltrúa fyrirtækisins, breytt gatnamótum Eyrarvegur og Fjarðarvegur og skert lóð N1 ef til þess kemur.

Samþykkt samhljóða.

Karl Ásberg Steinsson lagði fram svohljóðandi bókun: U listinn samþykkir staðsetningu á nýjum söluskála en harmar að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða okkar á fundi sveitarstjórnar þann 10. ágúst þar sem við óskuðum eftir því að „samhliða ákvörðun um staðsetningu á nýjum skála verði svæðið í kring og framtíðaravvegur niður á höfn tekinn til skoðunar og unnið framtíðarskipulag fyrir svæðið. Leggjum til að umhverfis- og skipulagsnefnd og hafnarnefnd verði fengnar til að vinna að hugmyndum ásamt skipulagsfræðingi Langanesbyggðar.“

Einnig vill U-listinn góðfúslega beina því til N1 að það verði gert ráð fyrir eldhúsi í nýja skálanum og tveimur salernum fyrir viðskiptavini. Teljum við að rekstrargrundvöllur skálans verði betur borgið með því að gera ráð fyrir eldhúsi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:25.